

*Alþingi  
Erindi nr. P 135/264  
komudagur 13.5.2008*



**Tillaga til Alþingis gegn óheftum innflutningi á kjötafurðum**

Aðalfundur BSE haldinn í Hlíðarbæ 16. apríl 2008 leggst gegn samþykkt frumvarps til laga um 1. kafla, viðauka 1 við EES samninginn á yfirstandandi þingi. Þess er krafist að unnið verði áhættumat sem byggir á vísindalegum grunni, um þá hættu sem kanna að vera á að smitefni búfjársjúkdóma geti borist til landsins með fersku kjöti. Jafnframt verða lög að vera nægilega skýr og aðgengileg almenningi, sbr. t.d. umfjöllun umboðsmanns Alþingis um almennar kröfur til lagasetningar. Sú staðreynd að útfærsla á framkvæmd laganna liggi ekki fyrir styrkir þá kröfu að málið sé ekki hægt að afgeiða frá Alþingi.